

Þriðjudaginn 11. febrúar 1986.

Nr. 133/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Þórhalli Gunnarssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Bifreiðar. Manndráp af gáleysi. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari í Kópavogi hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu 18. apríl 1985 til sakfellingar samkvæmt ákæru og til þyngingar refsingu en ákærði vildi una dóminum. Ágrip barst Hæstarétti 9. ágúst 1985.

Pegar telpan Sigyn Oddsdóttir varð fyrir bifreið ákærða var hún á leið suður yfir vinstri akrein nyrðri akbrautar Breiðholtsbrautar ásamt bróður sínum Sölva. Samkvæmt heitfestum framburði Sverris Guðjónssonar sá hann tvö börn austan (réttara mun vera norðan) Breiðholtsbrautar þrýsta á stýrihnapp við gangbrautarljósin þannig að gult ljós kviknaði fyrir umferð ökutækja og skipti síðan yfir á rautt um það leyti sem vitnið ók yfir gangbrautina. Fyrir rannsóknarlögreglu hafði Oddur Sigurðsson það eftir Sölva syni sínum að Sigyn hefði ýtt á stýrihnapp ljósanna og þau systkinin ekki gengið út á gangbrautina fyrr en grænt ljós kviknaði fyrir gangandi. Frásögn þessi hefur þó hvorki verið borin undir Odd fyrir dómi né heldur hefur Sölvi sonur hans gefið skýrslu um atvik að slysinu.

Ákærði hefur játað að hann hafi ekið yfir gangbrautina án þess að gæta að gangbrautarljósum eða gera sér grein fyrir því hvaða ljós loguðu. Hann veitti börnunum tveimur eftirtekt við gangstéttarbrúnina, áður en hann kom að gangbrautinni. Eigi að síður hægði hann ekki á ferð er hann nálgast gangbrautina svo sem sérstök ástæða var til vegna hálfu og slæms skyggis og hafði ekki nægilegt vald á bifreið sinni er hann veitti Sigyn eftirtekt á akbrautinni með

þeirri afleiðingu að hún varð fyrir bifreiðinni og hlaut áverka sem leiddu til dauða hennar. Af því sem fram er komið í málinu og áður var greint er mjög líklegt að ákærði hafi ekið út á gangbrautina gegnt rauðu ljósi. Þetta þykir þó ekki sannað svo óyggjandi sé. Ber samkvæmt því sem að framan segir að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um heimfærslu verknadar ákærða til refsíákvæða. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin með vísan til 77. greinar almennra hegningarlaga 3 mánaða varðhald, en vegna ungs aldurs hans og þar sem hann hefur ekki áður sætt refsingu fyrir brot á almennum hegningarlögum þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að 2 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa ef ákærði heldur almennt skilorð 57. greinar laga nr. 19/1940, sbr. 4. grein laga nr. 22/1955.

Rétt er að svipta ákærða ökuleyfi í 3 ár frá 22. janúar 1985 er honum var birtur hinn áfrýjaði dómur.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málflytningslaun skipaðs verjanda síns, 15.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þórhallur Gunnarsson, sæti varðhaldi 3 mánuði en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar og hún falla niður að 2 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa ef almennt skilorð 57. greinar almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. grein laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 3 ár frá 22. janúar 1985 að telja.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og laun skipaðs talsmanns síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 28. desember 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. desember sl., er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru dagsettri 21. október 1983 „á hendur Þórhalli Gunn-

arssyni bifreiðarstjóra, Álfrólsvogi 20, Kópavogi, fæddum í Reykjavík 11. nóvember 1963, fyrir að hafa, þriðjudaginn 19. apríl 1983 um kl. 1200, ekið bifreiðinni R-69755 án nægilegrar aðgæslu vestur Breiðhóltsbraut í Reykjavík í slyddusnjókomu og hálfu gegn rauðu ljósi á gangbrautarvita á Breiðhóltsbraut vestan Norðurfells með þeim afleiðingum, að stúlkan Sigyn Oddsdóttir, fædd 28. mars 1978, sem gekk suður yfir gangbrautina gegn grænu ljósi, varð fyrir bifreiðinni. Hlaut Sigyn höfuðkúpabrot og blæðingu í hjartavöðva, sem leiddi hana til dauða samdægurs.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hengingarlagana nr. 19/1940, 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 38. gr., 6. mgr. 48. gr., 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. staflíði b, i og j 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir:

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og vitna svo og öðrum gögnum eru málavextir þeir að þriðjudaginn 19. apríl 1983 kl. 1210 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um umferðarslys á Breiðhóltsbraut við gangbraut vestan Norðurfells. Bifreiðinni R-69755 hafði verið ekið vestur Breiðhóltsbraut og varð stúlkan Sigyn Oddsdóttir fyrir bifreiðinni er hún gekk yfir götuna eftir merktri gangbraut. Er lögreglan kom á vettvang var bifreiðin staðsett á umferðareyju sem liggur milli akbrauta en stúlkan hafði verið færð í sjúkrahúsbifreið og var farið með hana á Borgarspítalann þar sem hún lést síðdegis sama dag.

Ákærði hefur skýrt svo frá að hann hafi ekið bifreiðinni vestur Breiðhóltsbraut á litlum hraða og alls ekki yfir hámarkshraða. Hafi hann séð börnin nokkru áður en hann kom að gangbrautinni og voru þau þá bæði alveg við gangstéttarbrúnina. Hann vissi af gangbrautarljósunum en sá ekki hvaða ljós logaði fyrir hans akstursleið. Hann gerði sér ekki grein fyrir því hvort hann aðgætti sérstaklega hvaða ljós logaði.

Ákærði mundi ekki hvort hann dró úr hraða áður en börnin fóru út á akbrautina en þegar hann sá þau ganga út á hana snögghemlaði hann. Ákærði taldi bifreiðina hafa runnið en þó kvaðst hann ekki geta gert sér grein fyrir því hvað gerðist nákvæmlega eftir að stúlkan lenti á bifreiðinni enda varð honum mikið um það. Stúlkan hafi lent framan á bifreiðinni vinstra megin við miðju en síðan sá ákærði hana hverfa niður með vinstra framaurbretti. Hann taldi að hann hafi reynt að sveigja bifreiðinni til vinstri eða í átt frá stúlkunni en vegna mikillar hálfu hafi bifreiðin ekki látið að stjórn og þess vegna hafi hún lent á stúlkunni. Ákærði stýrði bifreiðinni

upp á umferðareyju eftir að hún lenti á stúlkunni og geti verið að hann hafi þá sleppt hemlum bifreiðarinnar.

Vitnið Sverrir Guðjónsson bifreiðastjóri, Dvergabakka 8, Reykjavík, hefur skýrt svo frá að hann hafi ekki verið vitni að sjálfu slysinu en hann ók upp Breiðholtsbraut og sá þá 2 börn austan megin við götuna. Þau voru þá í 30-40 m fjarlægð frá honum. Hann sá þá gult ljós kvikna á gangbrautarljósum og tók um leið eftir því að annað barnanna studdi á hnapp á umferðarljósunum. Síðan skipti yfir á rautt ljós rétt um það leyti er hann ók yfir gangbrautina. Börnin stóðu þá kyrr við gangbrautina og sá hann þau ekki ganga út á akbrautina. Hann hafi síðan mætt bifreið á leið vestur Breiðholtsbraut og var það ljósleit sendibifreið lík að gerð og Toyota hiace.

Þegar hann ók til baka um það bil 4-5 mínútum síðar sá hann að slys hafði orðið. Einnig kvaðst hann hafa tekið eftir að slydda hafði sest á gangbrautarljósin og sáust þau illa. Hann sá ennfremur bifreið uppi á umferðareyju en ekki mundi vitnið hvort það var sama bifreið og hann hafði mætt áður á leið austur Breiðholtsbraut eftir að hann ók framhá ljósunum. Hann hafi síðan kallað til lögreglu í gegnum talstöð og minnti hann að hann hafi mætt sjúkrabifreið eða lögreglu við næstu beygju á Breiðholtsbraut.

Skýrslur hafa verið teknar af fólki sem kom á vettvang en ekkert af því hafði orðið vitni að sjálfu slysinu.

Vitnið Ragnar Þór Árnason lögreglumaður, Holtagerði 11, Kópavogi var kallaður á slysstað ásamt Benedikt heitnum Benediktssyni. Hann hefur skýrt svo frá að Benedikt heitinn hafi verið ökumaður lögreglubifreiðinnar og ók hann með mesta hraða sem aðstæður leyfðu og með rauðum blikkandi ljósum. Úrkoma og slydda hafi verið mikil þannig að erfitt var að sjá nokkur vegsumerki á vettvangi. Þó voru hjólför uppi á graseyju og á kantsteini en engin hemlaför sáust á akbrautinni. Hann mundi ekki eftir því að nokkuð hafi byrgt fyrir gangbrautarljósin. Hann hafi ekki kannað sérstaklega hvernig ljósin virkuðu en ekki hafi snjóað fyrir ljósin. Skyggni hafi líklega verið um það bil 100 m eða meira.

Þegar þeir komu á staðinn var mikil slydda en stuttu síðar var komið mun betra veður og uppstyttu. Vindátt hafi verið fremur hvöss úr austri. Samkvæmt uppdrætti stóð bifreiðin R-69755 á graseyju um það bil 30 m vestan við gangbraut þá er stúlkann fór yfir.

Vitnið Hákon Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður tók ljósmyndir af vettvangi um kl. 1615 sama dag og slysið varð. Hann skýrði svo frá að þá hafi verið snjór inni í gangbrautarljósunum en þó ekki þannig að snjórinn hafi byrgt fyrir ljósin. Þannig hafi hann getað greint að grænt ljós hafi logað þegar hann stóð ofan við ljósin.

Samkvæmt vottorði veðurstofu er veðurlýsing þann 19. apríl 1983 kl.

1200 þannig: vindátt og veðurhæð A4, mest veðurhæð milli athugana 5, snjócoma, skyggni 0-6 km, hiti $-0,4^{\circ}$ C.

Bifreiðin R-69755 var skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanni síðar sama dag að Álfrólsvægi 20a, Kópavogi en í skýrslu bifreiðaeftirlitsmanns segir: „Við skoðun og reynslu í akstri kom í ljós, að ekki var hægt að koma bifreiðinni í gang. Hemlar virtust í lagi við ástíga. Hjólbarðar að framan voru góðir vetrarbarðar með nöglum, að aftan h/m hálf slitinn vetrarbarði, en v/m mikið slitinn hjólbarði. Bifreiðin var skoðuð síðast 22. mars 1983, og var þá í lagi.“

Lögð hefur verið fram krufningarskýrsla prófessors Ólafs Bjarnasonar dags. 21. apríl 1983 og segir í niðurstöðu hennar: „Við krufninguna komu í ljós margskonar áverkar, sem stúlkan hefir hlotið er hún varð fyrir bifreiðinni samanber lögregluskýrslu. Endanleg dánarorsök hefur verið blæðing í hjartavöðva. Undir lokin hefir stúlkan fengið lungnabjúg og heilabjúg, en þrátt fyrir höfuðkúpubrot fundust ekki blæðingar í heilann sjálfan.“

Af hálfu ákærða hefur verið lögð fram skrifleg vörn og er þess aðallega krafist að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins en til vara að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsing verði ákveðin skilorðsbundin. Einnig er gerð krafa um hæfileg málsvarnarlaun.

Niðurstöður:

Með vísan til þess sem hér að framan er rakið liggur ekki fyrir lögfull sönnun fyrir því að ákærði hafi ekið gegn rauðu ljósi á umræddum gangbrautarvita enda bendir framburður vitna, veðurfar og vindátt til þess að ljósin hafi verið byrgð af snjó a.m.k. að einhverju leyti og hafi þess vegna sést illa svo og vegna lélegs skyggnis. Verður því að sýkna ákærða af þessu ákæruatriði.

Þá hefur enn fremur komið fram að aksturskilyrði voru slæm bæði vegna lélegs skyggnis og hálfu á akbraut. Ákærða var kunnugt um staðsetningu gangbrautarinnar og að eigin sögn sá hann börnin standa við hana. Bifreið sú er ákærði ók lét ekki að stjórn svo sem ákærði hefur sjálfur skýrt frá og náði hann ekki að stöðva bifreiðina fyrr en í u.þ.b. 30 m fjarlægð frá gangbrautinni og eftir að hafa stýrt bifreiðinni upp á umferðareyju. Telst ákærði því hafa gerst sekur um háttsemi þá sem honum er að sök gefin í ákæru að öðru leyti en því sem áður segir um akstur gegn rauðu ljósi. Þykir háttsemin réttilega heimfærð til refsilagaákvæða í ákæru nema ekki þykir hún heyra undir 1. mgr. 38. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1981, 9/11 í Kópavogi: Sátt: 600 kr. sekt fyrir brot gegn 49. og 50. gr umfl. Sviptur ökuleyfi 2 mán. frá 27. sept. 1981.

1982, 21/9 í Kópavogi: Sátt: 2.800 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 21. sept. 1982.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með vísan til málsatvika og þeirra refsilagaákvæða, sem sakfellt er fyrir, fangelsi í 2 mánuði.

Vegna aldurs ákærða og með hliðsjón af því að hann hefur eigi áður verið sekur fundinn um brot á almennum hegningarlögum þykir rétt að fresta fullnustu refsingar og að hún falli niður að liðnum 3 árum frá birtingu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá ber svo sem krafist er í ákæru og með vísan til þess lagaákvæðis sem þar er vitnað til að svipta ákærða ökuréttindum og þykir sá tími hæfilega ákveðin 18 mánuðir frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Atla Gíslasonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 15.000,00.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir hérðasdómari, sem fékk málið til meðferðar þann 18. júní sl.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þórhallur Gunnarsson, sæti fangelsi í 2 mánuði en fresta skal fullnustu refsingar og niður skal hún falla að liðnum 3 árum frá birtingu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 18 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Atla Gíslasonar hdl., kr. 15.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.